

## Samráðsfundur:

**Dags:** 5. Sept. 2008, kl. 13:00

**Aðili:** Landsvirkjun

Fulltrúar: Agnar Olsen, Ragnheiður Ólafsdóttir og Helgi Bjarnason.

Tengiliður: ragnheidur@lv.is

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Þóra Ellan Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir, Tómas Þór Tómasson.

1. Verkefnastjórn kallaði eftir mati fulltrúa Landsvirkjunar (L) á verkefnaferlinu:
  - a. AO telur vinnuna mjög gagnlega og muni nýtast í framtíðinni, t.d. með tilliti t.d. landsskipulagsáætlunar. Virkjunaraðilar vilja komast út „þessum eilífu deilum“ og rammaáætlun er gott tæki til að koma á sáttum. Þó mætti gagnrýna ýmislegt.
  - b. RÓ: „Eitt lykil-atriði, sem við höfum gagnrýnt áður, er að aðferðafræðin verði að vera skiljanleg og gagnsæ.“ Þessi gagnrýni kom fram á 1. áfanga, þ.e. að aðferðafræðin væri óskiljanleg. Mikilvægt er að skýrt komi fram til hvaða þátta sé tekið tillit til og að matið sé skiljanlegt.
  - c. Í dag er staðan þannig að sjónarmið 1. áfanga eru komin inn í plön og áætlanir L.
  - d. HB: Telur rétt að virkjunaraðilar ættu fulltrúa í öllum faghópum.
  - e. RÓ: Spyr um röðun á virkjunarkostum, hvernig forgangs röðin geti breyst eftir því hvernig framkvæmdum á einstökum virkjunarkostum fleytir fram.
2. Formaður kallaði eftir að L kæmi legði fram nýjar útfærslu á virkjunarkostum ef þær lægju fyrir. Fulltrúa L lögðu fram minniblaðið „Nýjar virkjanaáætlanir og endurskoðun fyrri áætlana“.
3. Formaður kallaði eftir frekara samáði: og ef áhugi væri er fyrir hendi, þá hvernig samráð og hversu náíð. Tulltrúar L vildu gjarnan halda góðu sambandi og tilnefndu tengilið.
4. L lagði áherslu á að faghópar færu af stað sem allra fyrst og að L muni láta hópunum í té gögn til þess styðjast við.
5. L lagði fram beiðni um að fá að vita um skipan faghópanna og lýstu sig reiðubúna til að taka þátt í starfi þeirra.